



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Mánudaginn 24. júlí 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir ásamt Arnari Ólafi Viggóssyni og Ragnari Má Björnssyni varamönnum. Þá sat Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri fundinn.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 2. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Í máli sveitarstjóra kom fram að lokadagsetning fyrsta áfanga fráveituframkvæmda hafi dregist nokkuð og að útlit sé fyrir að þær klárast ekki fyrr en í september. Þá kom fram að malbikun á göngustíg meðfram Strandgötu fyrir víkina frestist fram á næsta ár en viðbótarkostnaður sem af því hlýst mun falla á verktaka. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Rekstraryfirlit jan-maí 2023 og framkvæmdayfirlit jan-15. júní 2023

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna jan.-maí 2023 og framkvæmdayfirlit frá janúar til 15. júní 2023 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu.

3. Staða byggðasamlaga

Sveitarstjórn lýsir sig reiðubúna eftir sem áður til viðræðna við sveitarstjórnir Húnabyggðar og Skagabyggðar um slit byggðasamlaga um rekstur tónlistarskóla og félagsþjónustu. Fyrsta skref í þeirri vinnu er að ljúka gerð ársreikninga fyrir byggðasamlögin. Jafnframt verði gerð verkáætlun sem miðist við tiltekna gildistöku slita á byggðasamlögunum, t.d. 31. desember 2024 eða aðra dagsetningu sem hentar með tilliti til viðkomandi rekstrar, svo sem lok skólaárs tónlistarskóla. Sveitarstjórn áréttar mikilvægi góðs samstarfs við starfsfólk byggðasamlaganna og að starfsfólk verði upplýst tímanlega um möguleg áhrif fyrirhugaðra breytinga.



4. Starfsmannamál

Fyrir fundinum lá tímabundinn ráðningasamningur við Ólaf Þór Ólafsson starfandi verkefnastjóra fjármála sveitarfélagsins. Mun hann starfa sem staðgengill sveitarstjóra og fara með prókúru fyrir hönd sveitarfélagsins tímabundið. Um hlutverk og ábyrgð fer skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 sem og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi ráðningasamning Ólafs Þórs og mun hann sinna starfi sveitarstjóra í afleysingu til eins árs frá 1. september 2023 - 1. ágúst 2024.

5. Bréf

a. Hestamannafélagið Snarfari dags. 8. júní 2023

Efni: Styrkbeiðni vegna æskulýðsstarfs

Fyrir fundinum lá erindi Hestamannafélagsins Snarfara þar sem óskað er eftir stuðningi við námskeið í hestamennsku sumarið 2023. Hestamannafélagið mun standa að námskeiðum fyrir börn og unglinga á Skagaströnd í samstarfi við Reiðskólann Eðalhesta. Hestamannafélagið óskar eftir að sveitarfélagið styðji við námskeiðin með eftirfarandi hætti:

- a) Þátttakendur í reiðnámskeiði fyrir óvana geti fengið 10.000 kr. stuðning frá sveitarfélagi en stuðningur Snarfara verði 2.500 kr.
- b) Þátttakendur í námskeiðinu „Útreiðarhópur“ geti fengið 20.000 kr stuðning frá sveitarfélaginu en stuðningur Snarfara verði 5.000 kr.

Hestamannafélagið óskar eftir að framkvæmd stuðnings sveitarfélagsins verði hliðstæður og frístundakortsins þar sem þátttakendur greiða námskeiðsgjaldið en geti síðan fengið umræddar endurgreiðslur gegn framvísun greiðslukvittunar. Sami háttur yrði hafður á um greiðslur Snarfara. Hámarksfjöldi þátttakenda er 10 í hvoru námskeiði og heildarstuðningur sveitarfélagsins gæti því að orðið 300 þús.

Sveitarstjórn ræddi erindið og bar upp til atkvæðagreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkti að veita umbeðinn stuðning með 5 greiddum atkvæðum. Var styrkbeiðni vísað til viðauka við fjárhagsáætlun ársins.

b. Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir dags. 20. júlí 2023

Efni: Beiðni um lausn frá störfum



Fyrir fundinum lá beiðni sveitarstjórnarmannsins Hrefnu Daggar Þorsteinsdóttur um tímabundna lausn frá störfum í þágu sveitarstjórnar frá 20. júlí 2023-1. febrúar 2024. Mælt er fyrir um heimild sveitarstjórnar til þess að veita sveitarstjórnarmönnum lausn frá störfum í 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðni Hrefnu Daggar til lausnar. Arnar Ólafur Viggósson tekur sæti í sveitarstjórn í hennar fjarveru.

6. Fundargerðir

a. Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 13. júní 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 14. júní 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 29. júní 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.11:02

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Ragnar Már Björnsson

Alexandra Jóhannesdóttir

1. *Handwritten text, possibly a list or notes.*
 2. *Handwritten text, possibly a list or notes.*
 3. *Handwritten text, possibly a list or notes.*

1. *Handwritten text, possibly a list or notes.*
 2. *Handwritten text, possibly a list or notes.*
 3. *Handwritten text, possibly a list or notes.*